

Úrskurður 13/2018

A kærði ákvörðun Tollstjóra um tollflokkun Marine Diesel Oil. A krafðist þess að umrædd olía skuli tollflokkast í tollskrárnúmer 2710.1930 (gasolíur), en ekki í tollskrárnúmer 2710.1940 (brennsluolíur) líkt og hin kærða ákvörðun kveður á um.

Niðurstaða

Tollstjóri telur rétt að líta til núverandi og gildandi reglugerðar nr. 960/2016 um gæði eldsneytis og horfa til skilgreiningar á gasolíu líkt og hún er sett fram í 3. gr. reglugerðarinnar við mat á því hvað teljist falla undir tollflokk 2710.1930 sem gasolía. Embættið telur að skilgreining eimingarsviðs á gasolíum gildi um allar gasolíur þegar kemur að tollskrá vegna þess að í tollskrá er enginn greinamunur gerður á þungum olíum eftir því hvar þær eru notaðar.

Staðfest var ákvörðun embættisins dags. 17. maí 2018 um tollflokkun Marine Diesel olíu og skal hún flokkast í tollskrárnúmer 2710.1940.